



Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfossi að Þorlákshöfn.



Bjarni F. Einarsson
Október 2013

Forsíðumyndin sýnir Strokkhól í Sandvíkursókn. Eyrarbakkavegur í bakgrunni og Selfoss í fjarska (Fornleifar nr. 1:1. Ljós. B.F.E).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landsnet
Október 2013

Inngangur

Að beiðni Eflu hf, fyrir hönd Landsnets, kannaði Fornleifafræðistofan um 50 m breiða línu þar sem fyrirhugað er að setja niður 66 kV jarðstreng og ljósleiðara frá tengivirki á Selfossi að tengivirki í Þorlákshöfn (sjá mynd 1).

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem einstaka fornleifaskrár, örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Öll línuleiðin var könnuð á vettvangi, nema þar sem hinir fyrirhuguðu strengir eiga að fara um mýri í Óseyrarlandi, vestan við Flóagaflsmýri. Var ófært yfir mikinn skurð og ekki ástæða til að leita annarra leiða frá austri. Á loftmynd má sjá eins garða í mýrinni og skráðir voru í Háeyrarmýri (fornleifar nr. 2:1 og 3:1). Garðarnir eru sýndir á mynd 3 (blá strik).

Vettvangsvinna fór fram dagana 15. og 16. október síðastliðinn. Niðurstaða skráningarinnar er í meðfylgjandi fornleifaskrá. Ekki hefur Fornleifafræðistofan áður sinnt fornleifaskráningu í Sandvíkurhreppi, né Eyrabakkahreppi og því er byrjað á númeri 1 og svo áfram í sín hvorum hreppnum fyrir sig.

Utan við hið kannaða svæði varð vart við margar fornleifar, allt frá eyðibýlum, selstöðum, skepnuhúsum og mógröfum. Um mógrafir þarf að taka fram að trúlega eru þær afar víða í mýrunum (Sýslu- og sóknarlýsingar 1979:56. Sigurður Guðjónsson 1981:259), en ógerningur að skera úr um muninn á náttúrulegum pollum og tjörnum og mógröfum.

Fulltrúi verkkaupa var Ólafur Árnason hjá Eflu hf. Ýmsar upplýsingar veittu starfsmenn Byggðasafns Árnesinga á Eyrabakka. Kann ég þessum aðilum kærar þakkir fyrir aðstoðina.



Mynd 1. Yfirlit yfir framkvæmdasvæðið. Svartar línur sína núverandi háspennulínur. Bleika línan sýnir hina fyrirhuguðu strengleið frá Selfossi að Þorlákshöfn. (Teikn. Efla hf).

Skráningin

Nálægt hinu kannaða svæði á austurbakka Ölfussár eru nokkrar friðlýstar fornleifar vestan við hina fyrirhuguðu strengi, en engin þeirra er beinlínis á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Þetta eru minjar fornþýlisins Dreppstokks og gamla bæjarstæði Óseyrarness (Fornleifaskrá 1990:72). Engin veit nákvæmlega hvar Dreppstokkur stóð og því sem næst engar vísbendingar um hvar hann gæti hafa staðið.

Óseyrarnes hét áður Ferjunes eða aðeins Nes (Örnefnaskrá. Óseyrarnes). Hafði bærinn verið fluttur fimm sinnum frá Ölfusá um miðja síðustu öld, en Ölfusá hefur brotið allt að fimm km spildu ef marka má Örnefnaskrá. Í lýsingu séra Jakobs Árnasonar prests í Gaulverjabæ frá árinu 1817 segir að „... at den ældste denne Landkants Bebyggelse, eller den Grund, hvorpaa Landnamsmændene satte deres Huse eller Bajer, er med tiden ödelagt, og den leerige bund opskyllet af Klippene ved Havets stærke Söegang, ...“ (Frásögur 1983:194).

Skv. lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má



Mynd 2. Loftmynd af hluta hinnar fyrirhuguðu strengjaleiðar. Sýndar eru staðsetningar fornleifa í Sandvíkurhreppi (1:1) og Eyrarbakkahreppi (1:1 og 2:1). Í mýrinni þar sem garðarnir 1:1 og 2:1 eru sýndir (neðri hluti myndarinnar), eru fleiri garðar með svipuðu millibili og er á 1 og 2. Þeir ná þó sjaldnast alveg að hinni fyrirhuguðu strengjaleið. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Efla hf og Fornleifafræðistofan).

enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á framkvæmdasvæðinu sem annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru fimm fornleifar skráðir í tengslum við vettvangskonunina, einn í Sandvíkurhreppi og fjórir í Eyrarbakkaheppi. Allir eru þeir taldir vera frá 1550 – 1900.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hættu	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðgildi	Friðlýsa?	Ábæturmerkja?
Sandvíkurhreppur										
1:1	Álfabústaður	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Talsvert (7)	Nei	Nei
Eyrarbakkaheppur										
1:1	Garður	1	Skepnur	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Nei
2:1	Garður	1	Skepnur	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Nei
3:1	Garður (brú)	1	Skepnur	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Nei
4:1	Ferjustaður	1	Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (1)	Nei	Nei

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Garður sást syðst á golfvælinum við Þorlákshöfn er rétt við hina fyrirhuguðu strengjalínu, en hann er of ungur til að njóta verndunar.

Allir staðirnir teljast hafa lítið minjagildi og eru í ágætu ástandi utan einn sem er nær horfinn (ferjustaðurinn). Varðveislugildi allra er einnig lítið, utan Strokkhóls, sem telst hafa talsvert varðveislugildi.

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi og þeim skilmálum sem Minjastofnun Íslands kann að setja. Vegna breytinga á friðlýsingum fornleifa er nú 100 m friðhelgt svæði utan um ystu sýnilegu hluta fornleifa, í stað 20 m eins og áður, og því nokkuð ljóst að sækja þarf um leyfi til að fara um svæðið hjá Drepstokki og Óseyrarnesi og hafa þar framkvæmdaefirlit þá og ef af framkvæmdum verður.

Drepstokkur

Á Drepstokki er Herjólfur Bárðason, barnabarn Herjólfss Bárðasonar landnámsmans og fóstursbróður Ingólfs Arnarsonar, talinn hafa sest að samkvæmt Grænlandingasögu. Mun hann hafa búið á Drepstokki og þar er samkvæmt sögunni Bjarni Herjólfsson fæddur, sá er fyrstur manna sá Vínland samkvæmt þessari sögu. (Grænl.saga 1987:1097).

Vegna algerar óvissu um staðsetninguna og munnmæla um að hún hafi verið á svæðinu og jafnvel á sama stað og Óseyrarnesi/Ferjunes/Nes hafi verið eftir fyrsta flutning jarðarinnar um 1730 (Níls Ólafsson 1981:275), þarf að gæta mikillar varúðar þegar jarðrask hefst



Mynd 3. Yfirlit yfir fornleifar 3:1 og 4:1 í Eyraðabakkahreppi og aðrar óskráðar minjar (bláar línur). Á þessu svæði var ein síðasta staðsetning Óseyrarness. Eldri og friðlýstar minjar bæjarins eru norðvestan við blettinn Melur og kallast þær rústir Gamla Nes. (Loftmynd: Loftmyndir hf. Viðbætur: Efla hf og Fornleifafræðistofan).

á staðnum og hafa fornleifafræðing til taks á meðan á framkvæmdum stendur. Um er að ræða stuttan kafla frá þjóðveginum að skurðinum mikla rétt norðan við fornleifar nr. 4:1.

Niðurstaða

Alls voru skráðar fimm fornleifar í tengslum við hina fyrirhugðu jarðstrengs- og ljósleiðaralögn. Allir staðirnir eru taldir hafa lítið minja- og varðveislugild, en einn þeirra talinn hafa talsvert varðveislugildi. Er það Strokkhóll í Sandvíkurhreppi. Þetta gæti breyst ef í ljós kæmi að aldur fornleifanna er hærri en hér er gert ráð fyrir.

Mælt er með framkvæmdaefirliti í nágrenni Óseyrarness og Drepstokks og að snið verði grafin í einhvern hinna mörgu garða í mýrunum ofan við þorpið, t.d. nr. 2:1 (sjá mynd 2) og einn þeirra sem merktir eru með bláu á mynd 3.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Vætanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Heimildir

- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd-Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Fyrri hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.
- Grænlandingasaga. *Íslendinga sögur og þættir*. Annað bindi. Ritst. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu. Reykjavík 1987. Bls. 1097-1109.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn 1918-1921.
- Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.
- Níls Ólafsson. „Jarðir og ábúendur í Eyrarbakkaheppi.“ *Sunnlenskar byggðir II*. Flóinn. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands. Ritnefnd. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík 1981. Bls. 275-290.
- Selfoss - Þorlákshöfn, 66 kV jarðstrengur og ljósleiðari*. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Efla hf-verkfræðistofa. Skýrsla nr: Landsnet-13029. Ágúst 2013.
- Sigurður Guðjónsson. „Eyrarbakkaheppur.“ *Sunnlenskar byggðir II*. Flóinn. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands. Ritnefnd. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík 1981. Bls. 245-274.
- Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1854*. Árnessýsla. Sögufélag. Reykjavík 1979.
- Örnefnaskrá. Eyði-Sandvík og Geirakot. Páll Lýðson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá. Litla Sandvík. Guðmundur Kristinsson. Örnefni í Litlu Sandvík. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá. Óseyrarnes. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.
- Eyrarbakkaheppur, örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Eyrarbakka 1997.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

1

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Sandvíkurhreppur

Tákntala

8704

Hverfi

Undirnr.

1

Landareign

Litla Sandvík

Nr

Heiti

Strokkhóll

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

16.10.2013

GPS Staðsetning

E 399211 N 380317

Viðmiðun

Ísn 93

M.y.s.

5

Teund minja

Huldufólkshóll - markavarða

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Sel-Þor

Fjöldi

1

Hættumat

Vegagerð

Hætta

Lítill

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

Jarðstrengur

Tímab. hætta

Talsverð

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

3

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

6

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 10 m vestur af Þjóðvegi og um 4-5 m norður af heimreiðinni heim að Kaldaðarnesi.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Litla Sandvík. Guðmundur Kristinsson. Örnefni í Litlu Sandvík. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn. Örnefnaskrá. Eyði-Sandvík og Geirakot. Páll Lýðson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Huldufólkshóll.

Hóllinn er klappar- eða hraunhóll, 4,5 x 7 m stór (VNV-ASA) og 1,6 m hár.

Að austanverðu sér í hraunhelluna, en annars er hóllinn vel gróin grasi. Að vestanverðu er nokkuð af hraungrjóti sem líklega er kastað að hólnum í seinni tíð.

Efst á hólnum að austanverðu er fuglastapi.

Samkv. Örnefnaskrá heyrðist strokkljóð í hólnum.

„Í lagi er hann ekki ósvipaður kirkju með tveim turnum og er sá eystri hærri. Þar er einkar gott sæti, þar sem álfarnir sitja. Dyrnar snúa mót austri og er þar djúp klettaglufa.“

Hóllinn er einnig markavarða og kallaðist stundum Grænhóll af ábúendum á Eyði-Sandvík/Geirakoti skv. örnefnaskrá.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna verður að leita leyfis Minjastofnunar og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Mælt er með því að færa línuna a.m k. 5 m vestur fyrir hóllinn.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

1

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Eyrabakkahreppur

Tákntala

8703

Hverfi

Undirnr.

1

Landareign

Háeyri

Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

16.10.2013

GPS Staðsetning

E 397013 N 377437

Viðmiðun

Ísn 93

M.y.s.

5

Teqund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Sel-Þor

Fjöldi

1

Hættumat

Skepnur

Hætta

Lítil

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

Jarðstrengur

Tímab. hætta

Talsverð

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

3

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

3

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Nokkra metra suður af skurði, Hreppamarkaskurði. Í Háeyrarmýri.

Heimildir og munnmæli

Eyrabakkahreppur, örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrabakka. Eyrabakka 1997.

Lýsing

Garður.

Úr torfi, 2,5 m breiður og 0,4 m hár. Pælar eru beggja megin og vatn í þeim báðum þegar skráð var. Garðurinn er vel gróinn grasi og mosa og nokkuð þýðfður.

Garðurinn endar við mikinn skurð, (Hreppamarkaskurði).

Í mýri þessari (Háeyrarmýri) eru fleiri garðar sem liggja samsíða og mynda nánast jafnbreiðar reinar eftir mýrinni.

Á gömlum loftmyndun sjást þessir garðar norðan við Hreppamarkaskurðinn. Ekki sjást þeir í Flóagafismýrinni.

Í Örnefnaskrá Eyrabakka segir að mýrinni hafi verið skipt í engjaskákir til grasnytjabýlanna og liggi þær frá suðri til norðurs (1997:17).

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna verður að leita leyfis Minjastofnunar og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Eyrabakkahreppur

Tákntala

8703

Hverfi

Landareign

Háeyri

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

16.10.2013

GPS Staðsetning

E 396649 N 377590

Viðmiðun

Ísn 93

M.y.s.

Skekkja

Teqund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Sel-Þor

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Íeyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Skepnur

Lítil

Ágætt

1550-1900

Jarðstrengur

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fridlýsa?

Fridlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Nokkra metra suður af skurði, Hreppamarkaskurði. Í Háeyrarmýri.

Heimildir og munnmæli

Eyrabakkahreppur, örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrabakka. Eyrabakka 1997.

Lýsing

Garður.

Úr torfi, 1,5 m breiður og 0,4 m hár. Pælur eru beggja megin og vatn í þeim báðum þegar skráð var. Garðurinn er vel gróinn grasi og mosa og nokkuð þýfður.

Garðurinn endar við mikinn skurð, (Hreppamarkaskurði).

Í mýri þessari (Háeyrarmýri) eru fleiri garðar sem liggja samsíða og mynda nánast jafnbreiðar reinar eftir mýrinni.

Á gömlum loftmyndun sjást þessir garðar norðan við Hreppamarkaskurðinn. Ekki sjást þeir í Flóagafismýrinni.

Í Örnefnaskrá Eyrabakka segir að mýrinni hafi verið skipt í engjaskákir til grasnytjabýlanna og liggi þær frá suðri til norðurs (1997:17).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna verður að leita leyfis Minjastofnunar og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Eyrabakkahreppur

Táknatala

8703

Hverfi

Undirnr.

1

Landareign

Óseyrarnes (Melur)

Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

16.10.2013

GPS Staðsetning

E 392693 377135

Viðmiðun

Ísn 93

M.y.s.

Skekkja

Teund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Brú

Verk

Sel-Þor

Fjöldi

1

Hættumat

Skepnur

Hætta

Lítil

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

Jarðstrengur

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

4

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

4

Fridlýsa?

Nei

Fridlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Á mörkum mýrar og vallendisbakka.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður (brú).

Um 1-1,5 m breiður og 0,1 - 0,5 m hár og 80-100 m langur (NV-SA). Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti.

Sunnan megin er snarpur halli, en að norðan er hann næstum í sömu hæð og yfirborðið á vellinum.

Hugsanlega er þetta göngugarður/vegur eða brú eins og upphlaðnir vegir í votlendi hétu í þessum landshluta.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna verður að leita leyfis Minjastofnunar og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

4

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Eyrabakkahreppur

Tákntala

8703

Hverfi

Landareign

Óseyrarnes

Nr

Heiti

Óseyri

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.10.2013

GPS Staðsetning

-

Viðmiðun

-

M.y.s.

Skekkja

Teqund minja

Ferjustaður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Sel-Þor

Fjöldi

1

Hættumat

-

Hætta

-

Ástand

-

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

-

Tímab. hætta

-

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

2

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

2

Fridlýsa?

Nei

Fridlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Á nesinu sem skagar út við ósa Ölfussár, þar sem nú er brúin yfir ána.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Annað bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn 1918-1921. Örnefnaskrá. Óseyrarnes. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Ferjustaður.

Nú sér þar engin merki um ferjustaðinn og engin mannvirki.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Ferjustaður er hjer og almennings flutningur sumar og vetur, þar sem kallað er Óseyri við Ölvessá. En sá er skildagi, að gjalda skal alin fyrir mann og hest, og so fyrir hest með klyffjum; en so er hjer ferð á mikil, að venjulega brúkast tvö skip til flutninga, þegar lestaferðir ganga; leggur ábúandi skip til og tekur ferjutolla.“ (1979:88).

Í Örnefnaskrá segir svo: „Lögferja verður í Nesi [Ferjunesi - Óseyrarnesi] 1693, þá er vestari kvísl Ölfussár uppfyllt og nafnið Óseyri verður mjög kunnugt, en það færirist svo á bæinn, svo hann er kallaður Óseyrarnes. Mjög miklir flutningar eru um þennan ferjustað, sem eigi er undarlegt, þar sem mesti verslunarstaður Suðurlands, Eyrarbakki er skammt undan og jafnvel Grindavík. Oft mun ferjutollurinn hafa verið goldinn með fiksi, voru þá greiddir tveir fiskar fyrir hvað fyrir sig, mann með hesti, klyffar af hesti, sauð fullorðinn eða naut vegurgamalt, lagt á skip, og annað fleira eftir því (Saga eb).“ (Örnefnaskrá. Óseyrarnes).

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

-

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Engar líkur eru til að fornleifar finnist við framkvæmdir.